



Vanlíðan í góðviðri

Frjóofnæmi (árstíðabundið ofnæmiskvef) er mjög algengt vandamál. Á meðan flestir landsmenn bíða vorsins með eftirvæntingu og tilhlökkun er ákveðinn hópur fólks sem ekki hefur jafngóða reynslu af sumri og sól og veit að upp er að renna tímabil frjóofnæmiskvefs með tilheyrandi óþægindum. Hér á landi er ofnæmi fyrir grasfrjókornum langalgengast. Annað frjóofnæmi s.s. fyrir birki og súru, er sjaldgæfara. Frjókornatíminn hér á landi er mjög breytilegur frá ári til árs þar sem grös frjóvgast misfljótt. Einkenni birkiofnæmis koma fram í maí-júní. Grasfrjó byrjar að berast út í loftið um miðjan júní, en einkenni geta þó komið fyrr, í tengslum við grasvinnu, t.d. við slátt. Grasfrjó nær hámarksþéttni í lofti í seinni hluta júlí- og í fyrri hluta ágústmánaðar. Á góðum, heitum og þurrum sumrum er mun meira af frjókornum í lofti en á rigningarsumrum.

Frjóumælingar fara fram í Reykjavík og á Akureyri á tímabilinu 1. maí til 30. september á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands í samstarfi við Veðurstofu Íslands.

Á meðfylgjandi gröfum má sjá meðaltal og hámark birkifrjós og grasfrjós



í Reykjavík og á Akureyri til ársins 2008.

Nánari fróðleik og upplýsingar um

frjókorn og frjóumælingar má finna á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands; www.ni.is

Alþjóða astmadagurinn - kynning í Kringlunni

Alþjóða astmadagurinn sem haldinn var 8. maí s.l. en hann er baráttudagur astma- og ofnæmissjúklinga víða um heim. Af því tilefni var Astma- og ofnæmisfélagið með kynningu í Kringlunni laugardaginn 2. maí. Fólki voru afhentur ýmis fróðleikur um astma og ofnæmi og gefinn kostur á að ganga í félagið.

Margir komu og heimsóttu okkur og stefnir Astma- og ofnæmisfélagið að því að héðan í frá verði félagið með virkt kynningarstarf í tilefni af þessa dags ár hvert.

